

NÁMSKRÁ

Menntastoðir



NAFN NÁMSKRÁR

Menntastoðir

Námskrá númer 20-483-2-1200

VINNUSTUNDIR NÁMSMANNSS

1.200 klukkustundir

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði

eldra en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

FJÖLDI ENINGA

Allt að 60 framhaldsskólæningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Önnur útgáfa, 2020

Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ	1
TITILL	1
LÝSING.....	1
INNÞÖKUSKILYRÐI	1
MARKHÓPUR.....	1
HÆFNIVIÐMIÐ.....	1
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS	2
SKIPULAG	3
NÁMSMAT	3
MAT Á FRAMKVÆMD NÁMS.....	3
STARFSNÁM.....	3
VINNUSTUNDIR	3
YFIRLITSTAFLA	4
NÁMSÞÆTTIR.....	5
NÁMSTÆKNI 03 F-NÁTÆ2NF	5
SAMSKIPTI OG SJÁLFSTRAUST 02 F-SASJ2FS	6
TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI 05 F-TÖUP2RT.....	7
ÍSLENSKA 15 F-ÍSLE2RU.....	8
ÍSLENSKA 25 F-ÍSLE2RE	9
ERLEND TUNGUMÁL 15 F-ERTU2OH.....	10
ERLEND TUNGUMÁL 25 F-ERTU2OL	11
ERLEND TUNGUMÁL 35 F-ERTU2OF	12
STÆRÐFRÆÐI 15 F-STÆF2HS.....	13
STÆRÐFRÆÐI 25 F-STÆR2ER.....	14
STÆRÐFRÆÐI 35 F-STÆR2ME	15
LOKAVERKEFNI L5 F-LOKA2SV	16
VAL V5 F-NÁVA2VN	17



Námskrá

Titill

Menntastoðir

Lýsing

Námskráin Menntastoðir lýsir námi í kjarnagreinum (almennum bóklegum greinum (ABG)) á öðru þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað þeim sem stefna á nám við undirbúningsdeildir háskóla, ljúka framhaldsskóla eða vilja efla hæfni sína í ABG skv. aðalnámskrá framhaldsskóla; íslensku, stærðfræði og erlendu tungumáli með áherslu á ensku og dönsku. Auk þess eru í námskránni mikilvægir námsþættir fyrir daglegt líf og störf: námstækni, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni.

Markmið námsins er að styrkja jákvætt viðhorf til náms og auðvela námsfólki að takast á við ný verkefni og mögulega áframhaldandi nám. Jafnframt er markmið með vali námsþátta einkum að styðja námsfólk í að efla eigin námstækni og samskipti, almennar bóklegar greinar, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni þar sem þjálfuð er sjálfstæð verkefnavinna með ríkri áherslu á samþættingu námsþátta. Fræðsluaðili ráðstafar frjálsum vali með því að velja námsþátt í samráði við námsmannahópinn eða auka vægi einstakra námsþátta í náminu. Einnig er hægt að velja námsþátt með hliðsjón af hvoru um sig, einstaklingsbundnu áhugasviði eða námsframboði hjá fræðsluaðila. Fræðsluaðila er heimilt að meta inn í frjálst val nám frá öðrum fræðsluaðilum eða skólum.

Námið er 1200 klukkustundir og 60 einingar. Við námslok, í heild eða að hluta, gefst möguleiki á að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk sem býr yfir færni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins samkvæmt námskránni.

Markhópur

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla sér viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis
- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem þeir hafa aflað sér utan formlega skólakerfisins.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemar þurfa að búa yfir að námi loknu. Þau lýsa færni/stöðu námsmanns við námslok og endurspeglar breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Sjónarhornið hefur verið fært frá því sem leiðbeinandinn gerir og að þeirri hæfni sem neminn þarf að búa yfir við námslok. Neminn er þannig í brennidepli.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none">• Kennsla• Hvað þarf að kenna einstaklingi?	<ul style="list-style-type: none">• Færniuppbygging• Hvað þarf einstaklingurinn að vera fær um að gera?

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námsleiða og hæfniviðmið



námsþátta (áfanga). Í hæfniviðmiðum er neminn í brennidepli, þ.e. það sem einstaklingurinn lærir, í stað þess að einblína á hvað leiðbeinandinn gerir. Náms einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því er mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Þau vísa til þekkingar jafnt sem vinnubragða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem námsfólki gefst kostur á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst með hverjum námsþætti fyrir sig. Jafnframt eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsleiðarinnar sem heildar og eru þau skráð hér fyrir neðan.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal nemi búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða fyrir einstaka námsþætti:

Þekkingarviðmið:

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

- lykilatriðum í kjarnagreinum framhaldsskóla
- möguleikum til að efla eigin námstækni
- siðferðisgildum við samskipti almennt og á rafrænum miðlum
- helstu þáttum sem snúa að tölvu- og snjalllausnum við nám og störf
- lykilþáttum í ABG (ísl, stæ, ens/dan)
- að leggja grunn og byggja upp sjálfstæða verkefnavinnu.

Leikniviðmið:

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að

- beita námstækni sem hentar til náms hverju sinni
- setja sér námsmarkmið í samræmi við eigin fyrirætlanir með náminu
- leggja gagnrýnið mat á upplýsingar
- *notkun* helstu forrita sem unnið er með í náminu
- þekkja uppbyggingu og almenna umgengni við tölvur og vinnslu þeirra.

Hæfniviðmið:

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið

- til að vinna verkefni sjálfstætt og skipuleggja vinnuna
- miðla upplýsingum bæði skriflega og munnlega á skýran og greinargóðan hátt
- takast á við aðfaranám í háskóla og/eða áframhaldandi nám á framhaldsskólástigi.



Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að skipuleggja alla dagskrá, hafa umsjón með námsleið, nemendahópi, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Verkefnastjóri sér til þess að leiðbeinendur skili og kynni fyrir námsfólki kennsluáætlun fyrir hvern námsþátt. Þar skulu koma fram upplýsingar um kennsluáðferðir, námsefni, hæfniviðmið, námsmat, ítarefni og tímasetningar á yfirferð efnisþátta og verkefnaskila. Verkefnastjóri skal sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi. Auk þess að skipuleggja hvernig tíma hvers námsþáttar er varið, undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar, ásamt því að bera ábyrgð á þjónustu við námsfólk. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnu námsfólki. Æskilegt er að leiðbeinendur taki mið af öllum námsþáttum námskrárinnar til að tryggja samþættingu námsþátta og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni. Heimavinna (námsvinna utan kennslu) fylgir náminu en getur verið mismikil eftir námsþáttum og einstaklingum. Menntastoðir er heildstætt nám alls áætluð 1200 klukkustunda vinna.

Mikið er lagt upp úr því að samþætta verkefni hvers námsþáttar við aðra námsþætti eins og kostur er. Sérstök áhersla er lögð á samþættingu námsþáttanna Námsstækni, Sjálfstyrking og samskipti ásamt Tölvu- og upplýsingatækni inn í alla aðra námsþætti námskrárinnar. Gert er ráð fyrir að námstími í erlendum tungumálum sé að lágmarki 100 klukkustunda vinna námsmanns í hverju tungumáli. Miðað er við að heildarnámstími erlendra tungumála sé 300 klukkustunda vinna námsmanns í sama tungumálinu.

Gera þarf ráð fyrir ólíkum þörfum námsfólks við upphaf náms svo að námsfólk fái viðfangsefni og stuðning við hæfi til að styrkja og aðstoða námsfólk við að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsþættir eru allir á öðru þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Undirbúningsnám getur verið nauðsynlegt þar sem unnið er með grunnþætti í viðkomandi námsgrein, til dæmis námsþættir úr Grunnmennt. Verkefnastjóri náms hjá fræðsluaðila metur umsækjendur inn í námið og jafnframt hvort þörf er fyrir undirbúningsnám. Auk þess meta leiðbeinendur forþekkingu við upphaf hvers námsþáttar.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsins. Leiðbeinandi leggur mat á námsframvindu, frammistöðu og árangur með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á að hver leiðbeinandi og námsfólk fari sem oftast yfir það sem áunnist hefur og hvernig námsfólki gangi að ná hæfniviðmiðum námsins.

Mat á framkvæmd náms

Hver nemi metur eigin stöðu og einnig námið í heild, markmið náms, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti. Fræðsluaðili sér um að mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Mat er lagt á:

- námið og markmið þess
- skipulag námsins
- hæfni leiðbeinenda
- aðbúnað á kennslustað (þar sem við á) og veitta þjónustu.

Með þessu nemandi öðlast hæfni í að:

- Taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- Leggja mat á markmið sín og eigin framfarir í náminu.

Starfsnám

Nei

Vinnustundir

1200



Yfirlitstafla

Menntastoðir – MEST

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Eining	Þrep
Námstækni 03	F-NÁTÆ2NF (4)	60	20	40	3	2
Samskipti og sjálfstraust 02	F-SASJ2FS (1)	40	10	30	2	2
Tölvu- og upplýsingatækni 05	F-TÖUP2RT (4)	100	20	80	5	2
Íslenska 15	F-ÍSLE2RU (63)	100	40	60	5	2
Íslenska 25	F-ÍSLE2RE (64)	100	40	60	5	2
Erlend tungumál 15	F-ERTU2OH (2)	100	40	60	5	2
Erlend tungumál 25	F-ERTU2OL (3)	100	40	60	5	2
Erlend tungumál 35	F-ERTU2OF (4)	100	40	60	5	2
Stærðfræði 15	F-STÆF2HS (2)	100	60	40	5	2
Stærðfræði 25	F-STÆR2ER (116)	100	40	60	5	2
Stærðfræði 35	F-STÆR2ME (117)	100	40	60	5	2
Lokaverkefni L5	F-LOKA2SV (4)	100	20	80	5	2
Val V5	F-NÁVA2VN (1)	100	40	60	5	2
Vinnuframlag námsmanns		1200	460	740	60	2

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Nánari lýsing á frjálsum vali

Heildarnámstími Menntastoða er 1.200 klukkustundir. Af þeim tíma er gert ráð fyrir 100 klukkustunda vinnu nema í val á öðru þrepi, sem skiptist í 40 klukkustundir með leiðbeinanda og 60 klukkustundir án leiðbeinanda.

Fræðsluaðili ráðstafar þessum tíma að teknu tilliti til þarfa nema hverju sinni eða nota hann til að auka vægi einstakra námsþátta. Tilgangur námsþáttarins er að styrkja nemana sem heild eða koma til móts við þarfir þeirra sem stunda námið.



Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Númer eru fyrir aftan heitin. Fyrri talan segir til um röð námsþátta þar sem 1 er undanfari 2 o.s.frv. og síðari talan gefur til kynna hve margar einingar námsþátturinn telur í námskránni.

Námstækni 03

F-NÁTÆ2NF

Þrep	2
Vinnustundir	60
Námsgrein	Námstækni
Viðfangsefni	Námstækni, færniefning, persónuleg markmiðasetning, námsáætlun, námsaðferðir, námsvenjur, námsmat

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfva nema í að beita námstækni og námsaðferðum sem henta hverjum og einum best í námi og starfi. Stutt upprifjun á ólíkum lestraraðferðum. Þjálfun í að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið og vinna að því að ná settum markmiðum. Fjallað er um mismunandi námsvenjur einstaklinga, meðvitaðar og ómeðvitaðar og hvernig námstækni getur hjálpað við að tileinka sér betri og markvissari námsvenjur. Einnig er fjallað um mismunandi matsaðferðir og nemar fá bæði þjálfun í að gera sjálfsmat og æfingu í próftækni. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Mikilvægt er að viðfangsefni námsþáttarins fléttist inn í alla aðra námsþætti námskrárinnar.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eigin námsvenjum
- mismunandi námstækni og námsaðferðum
- tilgangi markmiðasetningar
- ólíkum matsaðferðum.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- breyta eigin námsvenjum ef þörf er á
- skrifa skýr, mælanleg aðgerðabundin markmið
- vinna eigin námsáætlun og fylgja markmiðum eftir
- vinna sjálfstætt eftir skilgreindri námsáætlun
- gera nauðsynlegar breytingar á áætlun ef þess gerist þörf.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita námstækni og námsaðferðum sem henta honum hverju sinni
- tileinka sér og beita stöðugt nýrri þekkingu og leikni til að bæta eigin frammistöðu.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Samskipti og sjálfstraust 02

F-SASJ2FS

Þrep	2
Vinnustundir	40
Námsgrein	Samskipti og sjálfstyrking
Viðfangsefni	Færniefling í samstarfs- og samskiptahæfni, persónuleg markmiðasetning, öryggi og óöryggi í samskiptum, undirgefni og yfirgangur, sjálfstraust, virk og óvirk hlustun, að rýna til gagns, ágreiningur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er annars vegar að efla samstarfs- og samskiptahæfni þátttakenda og hins vegar er fjallað um helstu áhrifaþætti í mannlegum samskiptum, einkum áhrif sjálfstrausts á framkomu, ákveðni og óákveðni ásamt ágengni í samskiptum. Áhersla er lögð á leikni í að hlusta, gagnrýna, taka við gagnrýni og leysa ágreining. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Mikilvægt er að viðfangsefni námsþáttarins fléttist inn í alla aðra námsþætti námskrárinnar.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því sem einkennir góð samskipti
- aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum
- mikilvægi trúnaðar fyrir jákvæð og nærandi samskipti
- eigin styrkleikum og veikleikum
- mismunandi leiðum til að efla eigið sjálfstraust.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í samskiptum í tengslum við margvísleg viðfangsefni
- beita mismunandi leiðum til að efla eigið sjálfstraust
- bregðast við áskorunum af ábyrgð og sjálfsöryggi
- tjá skoðanir sínar í hópi, af virðingu og nærgætni
- setja sig í spor annarra.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með öðrum og deila gagnlegum upplýsingum
- sýna frumkvæði í samskiptum við aðra
- beita mismunandi leiðum til að efla eigið sjálfstraust
- virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra í eigin tjáskiptum.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Tölvu- og upplýsingatækni 05

F-TÖUP2RT

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námshgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Ritvinnsla, kynningarforrit, miðlar, töflureiknir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í tölvu- og upplýsingatækni. Upprifjun á reglum í siðlegum samskiptum á netinu. Áhersla er á að þjálfar nema í notkun ýmissa gagnlegra forrita í tengslum við vinnu í öðrum námsþáttum námskrárinnar. Fjallað er um almenn atriði upplýsingalæsis og um tölvubúnað og hvernig best má hagnýta vél- og hugbúnaðinn í námi og starfi. Lagt er upp úr kynningu og notkun á opnum (gjaldfrjálsum) hugbúnaði. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðrar uppsetningar (framsetningar) á texta, myndum og kynningum
- nýtingarmöguleikum ýmissa forrita í námi og starfi með áherslu á opinn hugbúnað
- samþættingu atriða milli forrita.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma helstu aðgerðir í forritum sem notuð eru
- miðla helstu upplýsingum um hugbúnað sem notaður er
- vinna verkefni í hóp á netinu.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta beitt hugbúnaði í samhengi við eigið nám eða starf
- sýna ábyrgð og siðvit við notkun á innra- og ytra neti
- sýna sjálfstæði og frumkvæði í markvissri notkun forrita við framsetningu efnis.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Íslenska 15

F-ÍSLE2RU

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Ritun, lestur, málfræði, málsaga, bókmenntir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í lestri, ritun og á þróun tungumálsins. Áhersla er á að nemar vinni með mismunandi gerðir texta við lestrar- og ritunaræfingar. Unnið er með lykilhugtök málfræðinnar í tengslum við ritun og fjallað um hvernig tungumálið hefur breyst og hvernig það birtist í mismunandi tegundum texta. Jafnframt er fjallað um grunnhugtök bókmenntafræðinnar og unnið með mismunandi tegundir bókmennta. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lesturs og lesskilnings fyrir áframhaldandi hæfniuppbyggingu í námi og starfi
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í daglegu lífi/tal- og ritmáli
- einkennum margvíslegra textategunda
- uppruna íslensku og skyldleika mála
- orðsmíð og merkingu orða
- þróun tungumálsins í tímans rás
- íslenskri málstefnu
- grunnhugtökum bókmenntafræðinnar.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns og ánægju ýmiskonar texta
- lesa ólíkar tegundir bókmennta/lesa íslensk skáldverk
- beita málfræði í tal- og ritmáli
- byggja upp og ganga frá stuttum ritsmíðum
- undirbúa stutta framsögn að eigin vali
- flytja, af nokkru öryggi, efni um afmörkuð málefni.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- nýta grunnhugtök bókmenntafræðinnar
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Íslenska 25

F-ÍSLE2RE

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Ritun, frágangur, meðferð heimilda, ritvinnsla, netmiðlar

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í að vinna með heimildir, flétta við eigin túlkun, vitna í heimildir og skrá þær. Áhersla er lögð á ritun, framsetningu og frágang texta, eigin túlkun og viðhorf ásamt meðferð og öflun heimilda í tengslum við vinnslu ýmiskonar verkefna, t.d. heimildaritgerða. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Íslenska 15 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum í tengslum við ritgerðarsmíð
- mati á heimildum sem aflað er af alnetinu
- mismunandi leiðum við heimildaöflun
- mismunandi gerðum heimilda og hvernig skal meðhöndla þær
- mikilvægum atriðum í meðferð og skráningu heimilda
- ritun og ólíkri framsetningu efnis eftir tilgangi.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta fjölbreyttar leiðir til upplýsingaöflunar
- vísa rétt í heimildir í texta
- skrá heimildir í heimildaskrá
- nota heimildir í verkefnavinnu
- leggja mat á heimildir í verkefnavinnu
- skila af sér efni með vönduðum vinnubrögðum í hvívetna.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita grundvallarvinnubrögðum við skrif heimildaritgerða
- draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiskonar heimildum
- flétta eigin túlkun saman við fyrirliggjandi heimildir
- skrá heimildir í heimildaskrá
- vísa rétt í heimildir í texta
- skila af sér vandaðri heimildaritgerð.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Erlend tungumál 15

F-ERTU20H

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Erlend tungumál
Viðfangsefni	Orðaforði, hlustun, málfræði, málnotkun, lestur, lesskilningur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að byggja upp hagnýtan hversdags orðaforða. Áhersla er lögð á hlustun, lestur, lesskilning og hagnýta málfræði í tengslum við umfjöllunarefni. Lesnar eru styttri greinar, smásaga og aðrir þjálfunartextar, með textarýni og túlkun texta að leiðarljósi. Ritþjálfun tekur mið af notkun ritvinnsluforrita með ábendingum um leiðréttingar og notkun rafrænna orðabóka. Öll fyrirmæli til námsmanna fara fram á tungumálinu. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Námsþátturinn er á stigi A-1/A-2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu orðfloknum og málfræðiatríðum til notkunar í ræðu og riti
- grunnatriðum í orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- taka virkan þátt í samskiptum og beita viðeigandi málfari
- tjá sig skýrt og hiklaust um undirbúið málefni
- nota sérhæfðan orðaforða í munnlegum tjáskiptum.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera greinarmun á ólíkri málnotkun eftir aðstæðum
- sýna skilning á samræðum óháð þekkingu á efni og geta sagt frá þeim
- endursegja stuttlega efni, hvort heldur er heyrt eða sem hefur verið lesið.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Erlend tungumál 25

F-ERTU20L

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Erlend tungumál
Viðfangsefni	Orðaforði, lesskilningur, daglegt mál, ritun, ritvinnsla

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að byggja upp umfangsmeiri/flóknari orðaforða námsmanna. Meiri áhersla er á ritun, bæði þýðingar og frjálsa ritun, lesskilning og daglegt mál. Hugtakið menningarlausni er kynnt með tilliti til aukinnar víðsýni og umburðarlyndis gagnvart fjölmenningu og ólíkum menningarheimum. Lestur greina og smásagna taka mið af auknum orðaforða. Ritun miðar að undirbúningi fyrir formlega ritgerðasmíð og frjálsa ritun með heimildaöflun. Nema skulu tileinka sér munnlega tjáningu á tungumálinu og fá þeir leiðbeiningar þar að lútandi í kennslustundum. Öll fyrirmæli og önnur tjáskipti fara fram á tungumálinu. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Námsþátturinn er á stigi A-2 samkvæmt evrópska tungumálaráttinum.

Forkröfur: Erlend tungumál 15 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hefðbundinni uppsetningu á rituðu máli
- skipulagi og skiptingu setninga
- helstu atriðum varðandi greinarmerkjasetningu
- vönduðu máli um persónulegar upplýsingar sem tengjast daglegu lífi, starfi, námi og áhugamálum.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig, t.d. með því að spyrja og svara, í tengslum við daglegt líf út frá námsefni
- koma skoðunum sínum á framfæri í munnlegum samskiptum
- lesa fjölbreytta texta
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skoða og ræða af skilningi innihald í fjölbreyttum texta um sérhæft efni
- taka þátt í skoðanaskiptum á viðeigandi hátt
- beita hjálpartækjum við ritun og yfirllestur texta.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Erlend tungumál 35

F-ERTU20F

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Erlend tungumál
Viðfangsefni	Orðaforði, formlegt mál, (fag)bókmenntir, menning, ritvinnsla

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa nema í að nota orðaforða úr fyrri námsþáttum, bæði munnlega og skriflega. Áhersla er á ritun, formlegt mál, bókmenntir og menningu sem tengist tungumálinu. Þjálfun í lestri og rýni í flóknari (fag)texta og léttari bókmenntatexta. Nemar skulu vera færir um að tjá skoðanir og rökstyðja þær jafnt í ræðu sem í riti. Sjálfstætt þematengt ritgerðarverkefni með hefðbundinni uppsetningu, heimildavinnu og kynningu. Öll fyrirmæli og önnur tjáskipti fara fram á tungumálinu. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Námsþátturinn er á stigi A-2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Forkröfur: Erlend tungumál 25 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- dýpri merkingu texta
- helstu einkennum menningar og tungumáls
- flóknari orðaforða sem þarf að beita við mismunandi aðstæður
- framsetningu skriflegs efnis á tungumálinu
- framsetningu ritgerða m.t.t. kaflaskiptingar efnis og afmarkaðra efnisgreina.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og túlka texta / fagtengdan texta út frá námsefni
- tjá sig skriflega á formlegan og á óformlegan hátt.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í málefnalegum skoðanaskiptum
- færa rök fyrir eigin máli og svara fyrir sig
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti
- lesa sér til gagns á tungumálinu.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



Stærðfræði 15

F-STÆF2HS

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Hagnýt stærðfræði í daglegu lífi, verslunarreikningur, grunnþættir tölfræði, töflureiknir notaðir við úrlausnir verkefna

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar tileinki sér vönduð vinnubrögð í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu og röksemdarfærslu við úrlausn verkefna og þrauta. Áhersla er á hagnýta stærðfræði í daglegu lífi þar sem farið er í grunnatriði verslunarreiknings, flatarmál og rúmmál. Fjallað er um hlutföll, prósentu-, vaxtareikning, verðtryggingu og erlendan gjaldeyri. Nemar fá þjálfun í að nota grunnþætti lýsandi tölfræði eins og tíðni, gröf, miðsækni, dreifing og mat á niðurstöðum. Einnig er notkun töflureiknis við úrlausn verkefna þjálfuð hjá námsmönnum. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnaðgerðum í verslunarreikningi
- einföldum fyrsta stigs jöfnum
- framsetningu gagna í tíðnitöflum
- myndrænni framsetningu gagna úr tíðnitöflum
- einföldustu aðgerðum í flatarmáls- og rúmmálsreikningum
- grunnhugtökum sem lýsa dreifingu gagna og upplýsinga.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna hlutföll, vexti og vaxtavexti
- vinna með verðtryggingu og gengi
- vinna með gögn í töflureikni, gera töflur, finna miðsækni og frávik
- setja gögnin fram á myndrænan hátt í töflureikni.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa útreikninga sem tengjast daglegu lífi og starfi
- lesa úr og greina tölfræðileg gögn, t.d. sem birtast í fjölmiðlum
- beita námsefni áfangans á ný viðfangsefni í frekara námi.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Stærðfræði 25

F-STÆR2ER

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Evklíðsk rúmfræði, flatarmálsfræði með áherslu á hornafræði, línur og horn

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að fjalla um og þjálfva nema í að nýta frumreglur rúmfræði ásamt því að vinna með skilgreiningar og reglur um horn og þríhyrninga. Þá fá nemar þjálfun í að finna út og reikna hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi, hornasummu þríhyrnings, horn og boga í hring, hlutföll og að nýta reglu Pýþagórasar. Áhersla er einnig á hornafallajöfnur og -ójöfnur, gróf hornafalla. Farið yfir reglur varðandi ummál, flatar- og rúmmál. Vigrar í sléttum fleti, samlagning og lengd, samsíða og hornréttir. SI-mælieiningar og tákn. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Stærðfræði 15 – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- flatarmáli og rúmmáli
- hornaföllum
- hugtökum Evklíðskrar rúmfræði
- vigrum í sléttum fleti.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- finna lengdir og horn í rétthyrndum og órétthyrndum þríhyrningi
- reikna flatarmál þríhyrninga
- leysa jöfnur og ójöfnur hornafalla
- beita helstu reiknireglum vigur-reiknings, t.d. finna hnit vigra, lengd og horn milli vigra
- finna miðju og radíus hringa út frá jöfnu eða öfugt.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta rætt tengsl hugtaka í námsefninu og unnið með það
- velja viðeigandi aðferðir og beita aðferðunum rétt við úrlausn verkefna
- leysa viðfangsefni í öðrum námsgreinum sem eru tengd námsefninu og daglegu lífi
- skrá lausnir og niðurstöður skipulega
- geta útskýrt niðurstöður sínar skilmerkilega fyrir öðrum.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Stærðfræði 35

F-STÆR2ME

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Algebra, föll og mengi, annars stigs jöfnur, fallhugtak, margliður, margliðudeiling

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfva nema í notkun hugtaka og aðferða sem tilheyra einföldum bókstafareikningi, jöfnum, mengjum og margliðum. Áhersla á hnitakerfi, veldi og rætur, algebra, lograr með grunntölu 10, mengi, ójöfnur, annars stigs jöfnur, jafna línu og fleygboga. Þá er fjallað um fallhugtak, margliður og margliðudeilingu. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluáðili setur fram í kennsluáætlun.

Forkröfur: Stærðfræði 25 – mat fræðsluáðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum og aðferðum við bókstafareikning
- helstu hugtökum mengja og mengjum talna
- fyrsta og annars stigs ójöfnum og lausnum slíkra
- lausnum fleygboga og annars stigs jafna
- helstu reikniaðgerðum og skráningu á formerkjum margliða og ræðra falla á talnalínu.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algengar aðferðir og reglur bókstafareiknings
- skrá talnamengi jafna og ójafna og tákna þau á talnalínu
- nota tölugildi til að finna fjarlægð milli punkta á talnalínu
- leysa fyrsta og annars stigs jöfnur og ójöfnur
- teikna fleygboga, vinna skriflega og myndrænt, t.d. með topppunkt, samhverfuás og skurðpunkta við ása hnitakerfis
- beita grunnreikniaðgerðum á margliður
- finna núllstöðvar og formerki margliða með heiltöluöðlum.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með merkingu og tengsl hugtaka, beita skapandi og gagnrýninni hugsun við verkefni
- skrá lausnir skipulega og setja þær fram á viðeigandi hátt
- geta útskýrt lausnir sínar
- rökstyðja aðferðir sínar við úrlausn verkefna.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Lokaverkefni L5

F-LOKA2SV

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námshgrein	Lokaverkefni
Viðfangsefni	Sjálfstæð verkefnavinna með leiðsögn og stuðningi í tengslum við a.m.k. eina kjarnagrein. Í lokaverkefni skal samþætta og dýpka þekkingu, leikni og hæfni sem hefur verið aflað í öðrum hlutum námsins. Sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni við vinnslu og skil verkefnis. Hver nemi hefur faglegan leiðbeinanda í viðfangsefninu

Lýsing

Tilgangur lokaverkefnis er að gefa námsmönnum tækifæri til að samþætta og/eða dýpka þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa aflað sér í öðrum hlutum námsins og búa nema sem hyggja á frekara nám undir sjálfstæða verkefnavinnu. Einkum er miðað við að lokaverkefni sé einstaklingsverkefni en getur þó verið paraverkefni þar sem nemi eflast í að vinna með öðrum að tilteknum markmiðum og koma efni sínu skilmerkilega á framfæri. Krafa er um töluvert sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum við vinnslu verkefnisins. Gert er ráð fyrir að lokaverkefni ljúki formlega með kynningu. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að ná hæfniviðmiðum námsþáttarins sem fræðsluaðili setur fram í kennsluáætlun. Hver nemi skal hafa leiðbeinanda í viðfangsefninu / kennara í faginu sem leiðbeinir um efnistöð og umfang. Leiðbeinandi og nemi nota hugbúnað til upprunaathugunar (ritstuldar, t.d. Turnitin eða sambærilegt) við yfirferð verkefnis. Slíkur leiðbeinandi skal ekki sjá einn og alfarið um námsmat verkefnisins.

Forkröfur: Lokaverkefnið er unnið á seinni hluta námsins með síðustu námsþáttum.

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- markvissum aðferðum við skipulagningu verkefna
- aðferðum við að koma upplýsingum á framfæri
- mikilvægi faglegrar framsetningar á verkefni
- nákvæmni í skráningu og meðferð heimilda.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- finna nauðsynlegar upplýsingar sem þarf við verkefnavinnu
- leggja sjálfstætt og gagnrýnið mat á upplýsingar sem aflað er
- velja vinnuaðferðir í samræmi við verkefni
- vinna í samstarfi við aðra eins og við á
- kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja verkefni með aðstoð og í samvinnu við aðra
- leysa vanda sem upp kann að koma í verkefnavinnu
- nýta verklag í samræmi við tegund verkefnis, t.d. heimildaskráningu
- meta eigin framgang og árangur við vinnslu verkefnisins.

Námsmat

Fjölbreytt námsmat, munnlegt og skriflegt. Handleiðsla leiðbeinanda með leiðsögn við efnistöð og innihald. Innihald og efnistöð eru grundvöllur á heildarmati verkefnis en auk þess er tekið tillit til málfars, réttitunar og vandaðs frágangs.



Val V5

F-NÁVA2VN

Þrep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Námsval
Viðfangsefni	Vinna nema með leiðsögn og stuðningi í tengslum við þarfir hóps/einstaklings. Til að efla undirstöðu og skilning á viðfangsefnum námsþátta. Styrkja sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni við vinnslu og skil allra verkefna.

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemandur fái aukin tækifæri og stuðning til að efla sig og styrkja undirstöðu skilnings innan námsþátta. Auk þess er tilgangurinn að styrkja nemana sem heild eða koma til móts við þarfir þeirra sem stunda námið. Markmiðið er aukin færni í sjálfstæðri vinnu og uppbyggingu námsins út frá einstökum þáttum sem þarfnast styrkingar.

Fræðsluaðili ráðstafar þessum tíma að teknu tilliti til þarfa nema hverju sinni eða tíminn er notaður til að auka vægi einstakra námsþátta.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

Hæfniviðmið námsþáttar

Þekkingarviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- nákvæmni í skráningu og meðferð heimilda.

Leikniviðmið: Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- kynna niðurstöður verkefnis fyrir öðrum.

Hæfniviðmið: Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta eigin framgang og árangur við vinnslu verkefnisins.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.